

## Stjórnarfundur 291

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
23.10.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 291</a>
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	15:00 – 15:52	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		
Starfsfólk		
Eypór Björnsson, forstjóri		

---

**Dagskrá fundar:**

**1. Tilboð í hlut Norðurorku hf. í Skógarböðum ehf.**

**2. Fallorka ehf. Framtíð félagsins**

## **1. Tilboð í hlut Norðurorku hf. í Skógarböðum ehf.**

Skógarböð ehf. hafa sent Norðurorku hf. tilboð í 4,5372% hlut Norðurorku hf. í Skógarböðum ehf. Tilboðið gildir til kl. 15:00 miðvikudaginn 25. október 2023. Hlynur Jóhannsson og Geir Kristinn Aðalsteinsson báru upp vanhæfi til að fjalla um málið. Var það samþykkt og viku þeir af fundi.

***Stjórn hafnar kauptilboði Skógarbaða ehf. í hlutabréf Norðurorku hf. í félaginu.***

## **2. Fallorka ehf. Framtíð félagsins**

Í framhaldi af því að framkvæmdastjóri Fallorku ehf. lét af störfum og annar var settur tímabundið, auglýsti stjórn félagsins stöðuna lausa til umsóknar. Skapast hefur umræða um það hvort það sé rétt, á þessum tíma, að ráða nýjan framkvæmdastjóra. Stjórn Norðurorku hf. hefur tekið skýra afstöðu og vill ekki selja virkjanir Fallorku en er tilbúin til þess að skoða það að selja söluhluta félagsins frá því. Á fundinum var m.a. sá kostur ræddur að færa virkjanahluta Fallorku undir Norðurorku að því gefnu að söluhlutinn verði seldur.

***Stjórn felur forstjóra að flýta vinnu við að kanna fýsileika þess að selja söluhluta starfsemi Fallorku ehf.***

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:52